



LÉTTARI LESTUR Í 6 SKREFUM



STAFARUGL OG SPEGLUN

Mikilvægt er að nemandinn nái góðum tókum á stafanefningu. Hik, mistök og ágiskanir benda til óvissu - sem þarf að greiða úr eigi lestrarnámið að ganga vel. Nemandi sem ruglast á stöfum lendir í erfiðleikum með hljóðalestur síðar.



ÓLJÓÐSAR ORÐMYNDIR

Sjónrænn orðaforði stækkar hratt eftir 2. bekk - þetta eru hugtökin sem nemandinn þekkir án þess að hugsa. Mikilvægt er að fylgjast með og hvetja barnið til að "nefna" orðin fremur en að "hljóða".



ÁHERSLA Á HLJÓÐUN

Hljóðalestur er mikilvægur og byggir á góðri stafabekkingu og hljóðamyndun. En hljóðalestur er fyrst og fremst góð kennsluáferð - fremur en lestraraðferð. Gætið þess að barnið "festist" ekki í hljóðun, þannig næst ekki flæði og hraði.



HUGTAKASKILNINGUR

Hugtakaskilningur er mikilvægur, bæði fyrir lestur og lesskilning. Barn sem skilur hugtak, getur séð það fyrir sér. Haðfu í huga að oft reynast myndlaus hugtök (t.d. "hvor") erfiðari en lengri hugtök sem eru sjónræn, t.d. "bananí".



VIÐBRAGÐ ER MIKILVÆGT

Viðbragðið segir okkur mikið um getu nemandans til að bera kennsl á bókstafi og hugtök. Mikilvægt er að þjálfunin bæti viðbragðið markvisst - sjálfvirk svörun er ávísun á meiri leshraða og betra flæði. Slakt viðbragð er vísbending um erfiðleika.



NÁKVÆMNI FYRST

Leggið áherslu á að svara rétt. Hraðinn kemur síðar. Ónákvæmni og ágiskanir skila ekki árangri. Finnið brestina, lagið þá og þjálfðu svo upp hraða og betra viðbragð.

